

Þingsályktun

**um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti
til félagsmálaráðuneytis.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp, m.a. með fulltrúum þingflokka, til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrigðisráðuneytis séu í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrðu undir félagsmálaráðuneytið. Unnin verði áætlun um að flytja þau verkefni milli ráðuneyta.

Samþykkt á Alþingi 5. júní 1996.

